

42. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 7. 12. 2010.

Mættir: Ingvar Þóroddsson, Berglind Rafnsdóttir, Aldís Einarsdóttir og Brynja Sigurðardóttir.

Fundarefni

Snjómokstur í hverfinu.

Nefndarmönnum finnst að betur mætti standa að snjómokstri í hverfinu okkar.

Nefndarmenn nefndu til dæmis hauginn sem settur er á vegspottanum sem liggur við hliðina á planinu við N1 (Veganesti). Ef börn koma gangandi frá Stórholti og ætla yfir á götuljósunum fyrir Glerárgötuna komast þau ekki á gangstétt upp að Skarðshlíð vegna snjóhaugs sem er ávallt settur þar og þurfa því að fara inná planið gjá N1 þar sem bílar eru keyrandi oft á tíðum og ekki sniðugt fyrir börn að vera að ganga þar. Þá minnstust nefndarmenn á að oft væri ekki gáð nægilega að því að hreinsa gatnamót þannig að ökumenn sjái til allra átta áður en þeir fara inná götuna.

Nýjar áherslur í sorpmálum hjá Akureyrarbæ.

Nefndarmenn ræddu nýafstaðinn fund vegna sorpmála í Holta- og Hlíðahverfi hér í Glerárskóla. Voru þeir nefndarmenn sem mættu mjög ánægðir með fundinn en nefndarmönnum fannst að betur hefði mátt standa að kynningu fundarins. Er það tilfinning okkar að einhverjir hafi hreinlega misst af fundinum sem hefðu ella mætt á hann ef hann hefði t.d. verið auglýstur í Dagskránni viku fyrir en ekki einungis deginum áður en hann var.

Viðtalstímar bæjarfulltrúa í hverfinu.

Ræddu nefndarmenn um komandi fund bæjarfulltrúanna Höllu Bjarkar Reynisdóttur og Hermanns Jóns Tómassonar þann 10. feb. 2011 í Glerárskóla. Er það ætlun okkar að mæta og hitta hverfisfólk á staðnum um leið og það kemur að spjalla við bæjarfulltrúana.

Ekki fleira rætt að svo stöddu.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 11. jan. 2011 í Glerárskóla.

Ritað 12. desember 2010
Brynja Sig.

